

28. nóvember 2023

Erindi til Háskóla Íslands vegna skerðingar á þjónustu Félagsstofnunar Stúdenta

Nú er svo komið að Félagsstofnun Stúdenta (FS) getur ekki lengur haldið úti veitingasölu Hámu í Odda, Háskólabíói og Eirbergi. Stúdentaráð harmar að þá missi ákveðinn hópur stúdenta mikilvæga þjónustu í byggingum þar sem kennsla fer fram.

FS er óhagnaðardrifin sjálfseignarstofnun, sett á fót af stúdentum fyrir stúdenta og háskólasamfélagið allt. FS hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er, á eins lágu verði og mögulegt er. FS starfrækir m.a. 9 veitingasölustaði Hámu á víð og dreif í byggingum háskólans. Þar býðst nemendum og starfsfólki háskólans hollur matur á viðráðanlegu verði. Þar að auki fá stúdentar sérstakan afslátt af mat og kaffi í Hámu.

Hluti af sölustöðum Hámu hefur aldrei staðið undir rekstri, en þjónusta á fámennari stöðum hefur verið haldið uppi af öðrum einingum til þess að þjónusta sé stúdentum aðgengileg í sem flestum byggingum háskólans.

Í Covid faraldrinum ákvað FS að halda úti þjónustu fyrir stúdenta sem sóttu staðartíma á háskólasvæðinu þrátt fyrir taprekstur. Eftir Covid er ekki eins mikið af fólki í byggingunum háskólans og var fyrir faraldurinn. Þetta sést m.a. á sölutölum Hámu. Af tveimur slæmum kostum ákvað FS að loka þessum þremur stöðum, í stað þess að hækka vöruverð.

Hvað tekur við fyrir stúdenta?

Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að þjónusta á viðráðanlegu verði sé stúdentum aðgengileg á háskólasvæðinu. FS hefur borið þunga þessarar þjónustu frá stofnun árið 1968. Er það ekki síður ábyrgð Háskólans að tryggja álíka þjónustu, enda er blómlegt háskólasamfélag bæði hvati fyrir nemendur að velja skólann og mikilvægt fyrir starfsfólk.

Í því ljósi beinir Stúdentaráð hvatningu til HÍ til að taka virkan þátt í að veita þjónustu á háskólasvæðinu og sýna þannig í verki ábyrgð háskólans í myndun líflegs háskólasvæðis. Þetta væri hægt að gera með því að styðja við þjónustu FS með einhverju móti, háskólinn gæti einnig starfrækt slíka þjónustu eða fundið aðra aðila til að halda henni úti, en þá þarf að tryggja að þær veitingar séu á sambærilegu verði og FS býður upp á.

Við þetta má bæta að Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að FS verði tryggt rými til að starfrækja Hámu í nýbyggingum háskólans, svo sem nýju húsi heilbrigðisvísinda og Sögu.